

Fimmtudaginn 5. október 1972.

Nr. 144/1970. **Hreiðar Svavarsson** (sjálfur)

gegn

Gunnari Theodórssyni

(Jón Magnússon hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Magnús P. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Verklaun.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. júlí 1970. Dómkröfur hans eru þessar: Aðallega, að héraðsdómur verði ómerktur, til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda, en til þrautavara verulegrar lækkunar. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms með þeirri breytingu, að dómkrafan lækki um kr. 3.800.00. Enn fremur krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Krafa áfrýjanda um ómerkingu og heimvísun málsins, sem er reist á vanhæfi meðdómenda, hefur ekki verið studd haldbærum rökum.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um greiðsluskyldu áfrýjanda og um andvirðið fyrir störf stefnda, kr. 80.250.00. Áfrýjandi hafði greitt stefnda kr. 20.800.00 upp í þessa kröfu fyrir útgáfu héraðsdómsstefnu. Viðurkenning stefnda fyrir greiðslu kr. 3.800.00 af þessari fjárhæð fékkst þó ekki fyrr en hér fyrir dómi.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, lét byggingarfulltrúinn í Reykjavíkurborg stöðva framkvæmdir, sem hafnar voru til að breyta innbúnaði hæðarinnar að Borgartúni 21, þar sem ekki hafði verið sótt um leyfi byggingarnefndar fyrir þessum breytingum. Stöðvaðist smíðin nokkurn tíma. Eigi hafa verið leidd rök að því, að stefndi beri ábyrgð á tjóni því, sem þessi dráttur kann að hafa valdið áfrýjanda.

Ekki verða dæmdir hærri ársvextir en 7%.

Úrslit málsins verða því þau, að áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda kr. 59.450.00 með 7% ársvöxtum frá 22. janúar 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði, sem ákveðst kr. 11.000.00, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Hreiðar Svavarsson, greiði stefnda, Gunnari Theodórssyni, kr. 59.450.00 með 7% ársvöxtum frá 22. janúar 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði, kr. 11.000.00.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. júní 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 19. júní s.l., hefur Gunnar Theodórsson, Hólmgarði 34, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 13. maí 1969, á hendur Hreiðari Svavarsyni, Borgartúni 21, Reykjavík, til greiðslu á kr. 63.250.00 ásamt 1% mánaðarvöxtum frá 2. apríl 1968 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt mati dómsins.

Stefndi hefur látið sækja þing í málinu og krafizt aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara verulegrar lækkunar á stefnukröfum og málskostnaðar að mati dómsins.

Sáttaumleitanir báru ekki árangur.

Stefnandi hefur höfðað mál þetta til heimtu verklauna vegna teikninga, efnisvals, eftirlits og aðstoðar, sem hann kveðst hafa innt af höndum fyrir stefnda á tímabilinu frá 12. september 1967 til 2. apríl 1968. Vinna þessi var framkvæmd við innréttingu Ásaklúbbsins við Borgartún.

Til grundvallar kröfu sinni hefur stefnandi lagt fram reikning ásamt meðfylgjandi fylgiskjali.

Reikningur þessi hljóðar svo:

„Hreiðar Svavarsson

v/Ásaklúbburinn, Borgartúni 21.

1968 Apríl An:

Mælt upp önnur hæð og stigahús að Borgar-

túni 21, gerðir skipulagsupprættir, innrétt- ingateikningar og sérteikningar, annazt eftir- lit með verklegum framkvæmdum, efnis- val og aðstoðað við efniskaup. Samkvæmt gjaldskrá F. H. A.	80.250.00
	Greitt kr. 80.250.00

Gunnar Theodorsson

Áður innborgað kr. 17.000.00

kr. 63.250.00“.

Á fylgiskjali með reikningnum koma fram þær vinnustundir, sem stefnandi telur sig hafa unnið í þágu stefnda. Kemur þar fram, að stefnandi telur sig hafa unnið 321 klst., og metur hann hverja klukkustund á kr. 250.00. Þannig fær hann niðurstöðu-
töluna kr. 80.250.00. Hann heldur því fram, að stefndi hafi greitt honum kr. 17.000.00, og stefnir fyrir mismuninum, eða kr. 63.250.00.

Fram hefur verið lagt í málinu vottorð frá formanni Félags húsgagnaarkitekta, þar sem fram kemur, að í nóvember 1968 var útseld vinnustund frá teiknistofu húsgagnaarkitekts seld á kr. 281.00. Upphæð sú er þannig fundin, að samkvæmt kaupgjalds-
skrá húsgagnaarkitekta skal útseld tímavinna sjálfstæðrar teikni-
stofu reiknuð 1.2% af hæstu árslaunum í 21. launaflokki í launa-
kerfi opinberra starfsmanna.

Stefndi hefur byggt sýknukröfu sína á því, að teikning stefn-
anda hafi ekki komið honum að gagni, vegna þess að byggingar-
fulltrúi Reykjavíkur hafi ekki samþykkt hana, enda hafi stefn-
andi ekki réttindi til að teikna þær breytingar á húsnæði, sem
hann hafi átt að fjalla um. Hljóti þetta að hafa verið stefnanda
sjálfum vel ljóst, þótt hann tæki að sér starfið. Af þessu hafi
hlotizt mikið tjón fyrir stefnda, vegna þess að byggingarfulltrúi
Reykjavíkur hafi látið stöðva framkvæmdir á hönnun hæðar-
innar að Borgartúni 21 um margra vikna skeið. Að lokum hafi
svo farið, að stefndi hafi orðið að fá til starfa byggingameistar-
ann Þórð Jasonarson, sem teiknað hafi innréttinguna og staðið
síðan fyrir framkvæmdum. Stefndi hafi að sjálfstöðu orðið að
greiða Þórði fyrir verk hans og því vandséð, hvaða rétt stefnandi
eigi til greiðslu fyrir sama verk.

Jafnframt hefur hann haldið því fram, að stefnandi hafi ekki

fengið kr. 17.000.00 greiddar, heldur kr. 20.000.00. Þrátt fyrir áskoranir dómarsans hefur stefndi ekki lagt fram kvittanir greiðslna til stefnanda.

Þá hefur stefndi haldið því fram, að stefnandi hafi talað við hann í síma og sagzt eiga hjá honum peninga fyrir vinnu. Stefndi hafi þá sagzt honum að senda sér reikning. Sá reikningur sé ókominn enn, en hins vegar hafi stefnandi höfðað mál þetta algerlega að ástæðulausu.

Stefnandi málsins, Gunnar Theodórsson, hefur komið fyrir dóm. Hann mótmælir því, að sú staðhæfing stefnda, að hann hafi greitt til hans kr. 20.000.00, fái staðizt. Hann kvaðst ekki hafa fengið meira en kr. 17.000.00.

Hann hélt því fram, að innrétting húsnæðis Ásaklúbbsins hefði verið framkvæmd eftir teikningum frá honum. Þórður Jasonarson byggingameistari hafi skrifað upp á grunnteikningu, sem hafi farið til byggingarfulltrúa, þar sem hann, stefnandi, hafi ekki réttindi til þess að senda teikningar til samþykktar byggingarnefndar. Hann kvaðst hafa skrifað undir allar aðrar teikningar og hafa haft yfirumsjón með öllu verkinu, eins og jafnan þegar hann teikni innréttingar.

Hann sagði, að jafnvel þó að hann hefði haft full réttindi til þess að senda teikningar til samþykktar hjá byggingarfulltrúa, hefði stefndi þurft að fá byggingameistarann Þórð Jasonarson til að standa fyrir verklegum framkvæmdum, því að það sé hlutverk byggingameistara, sem hann sem innanhússarkitekt sjái ekki um. Hann kvað það vera ábyrgð byggingameistarans á verkinu, sem byggingarnefnd leitaði eftir.

Hann kvað stefnda fyrirfram hafa vitað það, að hann hefði ekki réttindi til að senda teikningar til samþykktar hjá byggingarfulltrúa.

Hann hélt því jafnframt fram, að það væri ekki rétt, að byggingarfulltrúi hefði látið stöðva framkvæmdir við hönnun hæðarinnar, hann hefði látið stöðva framkvæmdir við innréttingu hæðarinnar, en það hefði verið mál milli byggingameistaranna og stefnanda óviðkomandi, sem stöðvunina hafi orsakað.

Hann kvaðst hafa sent stefnda reikninga, en bréf frá sér hafi ekki verið sótt. Hann kvaðst eiga heima hjá sér ábyrgðarbréf til stefnda með reikningi, en ábyrgðarbréfið hafi ekki verið sótt. Ábyrgðarbréfið hefur verið lagt fram í réttinum. Stefnandi sagði, að þetta hefði verið, áður en hann afhenti lögfræðingi málið til innheimtu.

Stefndi, Hreiðar Svavarsson, hefur komið fyrir dóm. Hann kvaðst álíta, að þegar Þórður Jasonarson var fenginn að verkinu, hafi veggir verið komnir upp. Hann taldi, að Þórður Jasonarson hefði aðeins teiknað upp teikningu stefnanda og fengið hana samþykkt. Hann tók fram, að þá ætti hann við, að Þórður Jasonarson hefði gert svipaða teikningu og þá, er stefnandi hafði áður gert, og fengið þá grunnteikningu samþykkt.

Hann kvað sig minna, að stefnandi hefði algerlega hætt störfum við húsið, eftir að Þórður Jasonarson kom að því.

Að gefnu tilefni frá dómáranum sagði stefndi, að það gæti verið, að hann hefði á einhverju vissu tímabili ekki sótt ábyrgðarbréf. Hann kvað það hins vegar rétt, að hann hefði átt tal við Gunnar í síma og hafi hann þá sagt Gunnari, að hann teldi sig hafa greitt honum nóg, þar sem hann hefði valdið sér stórtjóni vegna stöðvunar framkvæmda. Stefndi sagði, að byggingarfulltrúinn hefði komið og stöðvað framkvæmdirnar. Hann hafi sagt, að engin samþykkt teikning væri fyrir innréttingunni.

Spurningu dómárans um það, hvort stöðvunin hefði stafað af þessu, svarar stefndi því til, að þeir hafi að minnsta kosti fengið að halda áfram framkvæmdum, þegar teikning lá fyrir.

Hann sagði, að þegar hann hafi tekið húsnæðið á leigu, hefði það verið með því skilyrði, að byggingameistari sá, er stóð fyrir framkvæmdum, léti af störfum og stefnandi fenginn til að teikna innréttinguna og honum fengin yfirumsjón allra framkvæmda.

Hann sagði, að hann hefði ekki vitað það, að stefnandi gæti ekki sent teikningar inn til byggingarfulltrúa til samþykktar, og taldi, að stefnandi hefði ekki sjálfur vitað um þetta. Hann kvaðst ekki hafa vitað, að hann þyrfti að hafa byggingameistara að verkinu. Honum hafi ekki verið það uppálagt af þeim manni, sem hann fól það verk að teikna innréttinguna, þ. e. stefnanda. Hann kvaðst ekki muna, hvenær teikning Þórðar Jasonarsonar hafi verið gerð. Hann kvaðst álíta, að framkvæmdir hefðu stöðvazt um tveggja mánaða skeið. Málið hefði þurft fyrir tvo byggingarnefndarfundi og þeir væru víst ekki haldnir nema á þriggja vikna fresti.

Þórður Jasonarson byggingameistari hefur komið fyrir dóminn. Hann kvaðst hafa aðstoðað við innréttingu Ásaklúbbsins. Hreiðar Svavarsson hafi komið til sín, vegna þess að framkvæmdir hefðu verið komnar í strand, að því er hann álíti vegna ósamkomulags við byggingameistara hússins og þess, að teikningar af innréttingu höfðu ekki verið samþykktar.

Hann kvaðst hafa byrjað í þjónustu Hreiðars í byrjun marz 1968, að því er hann minni. Hann sagði, að Gunnar Theodórsson hefði þá verið í þjónustu Hreiðars og haldið áfram í þjónustu hans, og kvaðst vitnið ekkert hafa blandað sér í verk Gunnars öðru vísi en þannig að fá teikningu hans samþykkt. Hann sagði, að það hefði verið fyrirstaða frá hendi byggingarfulltrúa á því, að Gunnar fengi að senda inn teikningu til samþykktar. Einnig hefði þurft að gera smávægilegar breytingar á teikningu hans. Hann kvaðst hafa gert þessar breytingar og skrifað nafn sitt undir teikninguna. Hún hefði ekki verið samþykkt á fyrsta fundi á eftir, heldur næsta, að því er hann minni.

Hann kvaðst hafa farið eftir teikningu Gunnars um alla innréttingu og breytingar þær, sem hann hafi gert á þeirri teikningu að kröfu byggingarnefndar, hafa verið smávægilegar.

Hann sagði, að byggingameistari alls hússins hefði gefið leyfi sitt til þess, að hann sæi um framkvæmd við innréttingu Ásaklúbbsins og hefði ekki látið sig hana varða. Hann kvaðst hafa talið sig frekar fulltrúa byggingameistarans heldur en Gunnars. Hann kvaðst hafa komið til eftirlits að jafnaði einu sinni á dag, en þeir smiðir, sem upphaflega voru ráðnir til verksins, hafi framkvæmt það. Hann sagði, að ekki hafi orðið tafir, eftir að hann kom að verkinu. Hann sagði, að eftir að byggingameistari alls hússins samþykkti hann sem fyrirsvarsmann innréttinganna, hafi verið haldið áfram með þær, enda þótt samþykktar teikningar lægju ekki fyrir.

Hann kvaðst ekki vita, hvenær verkið var stöðvað. Hann kvað Hreiðar Svavarsson hafa komið til sín og hafa sagt, að framkvæmdirnar væru strandaðar, þar sem teikning fengist ekki samþykkt og byggingameistari hússins leyfði ekki, að þeir menn, sem þar ynnu, héldu því áfram. Hann sagði, að byggingameistari hússins hafi, að því er hann álíti, sett sig upp á móti framkvæmdum, þar sem byggingameisturum sé yfirleitt illa við það, að það komi inn í hús heilir vinnuflokkar, sem ekki séu á þeirra vegum, en sem þeir verði að bera ábyrgð á. Hann sagði, að byggingameistarinn hafi góðfúslega veitt þeim leyfi sitt til áframhaldandi framkvæmda, er hann sagðist mundu sjá um þær.

Þá kom fyrir dóminn Hermann Svavarsson vélvirki. Hann kvaðst hafa unnið við innréttingu Ásaklúbbsins og síðar sem starfsmaður hans. Hann kvaðst hafa byrjað um miðjan janúar 1968. Hann taldi framkvæmdir hafa stöðvazt við innréttingu klúbbsins um þriggja vikna skeið. Hann mundi ekki nákvæm-

lega hvenær. Hann kvaðst ekkert hafa unnið þessar þrjár vikur, en verið á launum hjá Hreiðari Svavarssyni. Hann sagði, að Gunnar Theodórsson hefði komið þarna nokkrum sinnum. Hann kvað Gunnar hafa verið þarna til ráðlegginga. Hann sagði, að eitt sinn hafi komið maður frá byggingarfulltrúa og stöðvað framkvæmdirnar. Hann hafi borið því við, að engar teikningar hefðu verið samþykktar fyrir innréttingu hæðarinnar. Hann sagði, að Gunnar Theodórsson hefði verið staddur þarna og sagt manningum frá byggingarfulltrúa, að honum kæmi þetta ekkert við, og borið fyrir sig, að um lausa veggj væri að ræða. Hann kvað Gunnar og manninn frá byggingarfulltrúa hafa deilt um þetta.

Sigurjón Sveinsson byggingarfulltrúi hefur komið fyrir dóm-inn og staðfest vottorð, sem áður hafði verið lagt fram, þar sem hann segir, að framkvæmdir (breytingar) við húsið nr. 21 við Borgartún hafi verið stöðvaðar um áramót 1967—1968, þar sem ekki hafi verið sótt um leyfi fyrir þeim breytingum, sem verið var að framkvæma, samkvæmt 7. gr. í byggingarsamþykkt fyrir Reykjavík.

Breytingar þessar hafi verið samþykktar í byggingarnefnd 14. marz 1968 og höfundur uppdráttu sé Þórður Jasonarson tækni-fræðingur.

Sigurjón sagði, að þegar framkvæmdir voru stöðvaðar að Borgartúni 21, hafi verið, að því er hann minni, að minnsta kosti þrír menn við vinnu þar. Hann kvaðst hafa hitt þar fyrir mann, sem hafði áhuga á veitingarekstri í húsnæðinu. Hann sagðist hafa spurt hann, hver stæði fyrir byggingarframkvæmdum, og verið svarað því, að það gerði hann sjálfur (þ. e. viðmælandinn).

Hann kvað einu ástæðu þess, að byggingarframkvæmdir voru stöðvaðar, að ekki var sótt um leyfi fyrir breytingu.

Hann sagði, að þetta hlyti að hafa verið einhvern tíma fyrir 29. febrúar 1968. Hann sagði, að uppdrættir væru dags. 15. febrúar og væri á þá ritaðar athugasemdir frá Einari Eyfells. Uppdrættir þessir séu lagðir fram hjá byggingarnefnd Reykjavíkur hinn 29. febrúar. Hann sagði, að framkvæmdirnar gætu hafa verið stöðvaðar í vikunni fyrir 20. febrúar, þar sem byggingarnefndarfundir séu haldnir annan og síðasta hvern fimmtudag mánaðar. Þannig hafi stöðvunin líklega átt sér stað eftir annan fimmtudag í febrúar. Hann sagði þetta hafa verið einu ferð sína þarna inn eftir.

Hann var að því spurður, hvort það hefði verið framkvæmdir

við breytingu hæðarinnar eða við hönnun hennar, sem stöðvaðar voru. Svaraði hann því til, að það hefðu verið framkvæmdir við breytinguna.

Hann sagði Einar Eyfells, eftirlitsmann eldvarna, hafa tilkynnt sér, að verið væri að framkvæma breytingar á hæð þessari og að sér vitanlega hefði ekki verið sótt um leyfi til þess. Hann sagði, að hann teldi það hafa verið í febrúar, sem Einar tilkynnti honum þetta.

Hann sagði, að breytingarnar hefðu verið breytingar frá áður samþykktum uppdráttum. Þarna hafi verið leyfi fyrir skrifstofum, en ekki fyrir veitingarekstri. Spurður um það, hvort teikningar Þórðar Jasonarsonar hefðu verið fyrstu teikningarnar, sem byggingarnefnd bærust um breytinguna, svarar hann játandi.

Hann sagði, að Gunnar Theodórsson væri ekki meðal þeirra, sem viðurkenningu hefðu hlotið samkvæmt 11. gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkur.

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu stefnanda byggt á reikningnum á dskj. nr. 3 og fylgiskjali hans. Þar kæmi útseld vinna frá teiknistofu, en stefnandi væri húsgagnaarkitekt og ræki eigin teiknistofu. Þá var því haldið fram, að það hafi ekki verið fyrr heldur en stefndi lenti í fjárhagserfiðleikum, að hann neitaði greiðslu. Greiðsluerfiðleikar stefnda væru þekktir á bæjarþinginu. Þá var því haldið fram, að samkvæmt 7. gr. byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík ætti eigandi húsnæðis að tilkynna og leggja inn til samþykktar teikningu vegna breytinga á húsnæðinu. Eigandi og lóðarhafi Borgartúns 21 sé Sendibílastöðin við Borgartún. Það hafi því ekki verið í verkahring stefnanda. Þá var vitnað til framburður Þórðar Jasonarsonar um stöðvunina og verk stefnanda. Þá var því mótmælt, að stefndi hefði fært rök að því, að hann hefði orðið fyrir tjóni af völdum stefnanda. Kröfu stefnda til lækkunar var mótmælt sem órökstuddri og mótmælt jafnframt því, að stefnandi hefði tekið á móti meira fé en hann vildi vera láta.

Af hálfu stefnda var á því byggt, að stefnandi hefði ekki hlotið viðurkenningu réttinda til að leggja inn teikningu til samþykktar fyrir byggingarnefnd, sbr. 11. gr. byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík nr. 39/1965. Stefndi hafi talið sig vera að kaupa verk í samræmi við 11. gr. byggingarsamþykktarinnar. Þórði Jasonarsyni hafi verið greitt fyrir hluta þess verks, sem stefnandi geri reikning fyrir á dskj. nr. 3. Sýknukrafa stefnda sé á þessu reist

og á því, að stefnandi hafi tekið að sér verk, sem hann hafi ekki haft heimild til að vinna.

Þá var því haldið fram, að málið væri höfðað, án þess að innheimtutilraunir væru áður reyndar og því ætti málskostnaður í því tilfelli, að stefndi yrði dæmdur greiðsluskyldur, að falla niður.

Svo sem fram kemur í framburði vitnisins Þórðar Jasonarsonar, kveðst hann ekki hafa blandað sér í verk stefnanda öðru vísi en þannig að fá teikningu hans samþykkt. Er það í samræmi við það, sem stefnandi hefur haldið fram. Jafnframt kemur fram í framburði stefnda, að hann telur Þórð Jasonarson aðeins hafa teiknað upp teikningu stefnanda. Reisa verður því dóminn á því, að við innréttingu hæðarinnar í Borgartúni 21 hafi verið farið eftir teikningum Gunnars Theodórssonar, stefnanda í máli þessu. Af framburðum þessum verður ekki annað ráðið en að verk þeirra Þórðar og stefnanda hafi ekki blandast saman, og hefur stefndi ekki fært sönnur á, að hann hafi orðið að greiða Þórði fyrir það verk, sem stefnandi sækir hann um greiðslu fyrir.

Af þessu leiðir, að stefndi er greiðsluskyldur til stefnanda.

Í málf lutningi stefnda hafa ekki verið bornar brigður á þann tímafjölda, sem stefnandi telur sig hafa unnið í þjónustu stefnda, né heldur þá upphæð, sem hann reiknar sér fyrir hvern unninn tíma, enda er hún lægri en útseld vinna reiknuð samkvæmt gjaldskrá húsgagnaarkitekta. Af þessum sökum ber að taka stefnufjárhæðina til greina.

Þar sem stefnandi hefur lagt fram ábyrgðarbréf, sem hann kveðst hafa sent stefnda, en ekki verið sótt af honum, og stefndi hefur viðurkennt, að hann hafi á vissu tímabili ekki sótt ábyrgðarbréf, ber að taka kröfu stefnanda um málskostnað til greina. Málskostnaður ákveðst kr. 12.000.00. Rétt þykir með tilliti til málavaxta að taka vaxtakröfu til greina frá dags. kröfubréfs 22. janúar 1969 til greiðsludags, sbr. lög nr. 71/1965 og ákvörðun Seðlabankans frá 20. maí 1965, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961.

Dóm þennan kvað upp Hrafn Bragason, dómari í héraði, ásamt meðdómendum Helga Hallgrímssyni húsgagnaarkitekt og Þorsteini Hjálmarssyni húsgagnasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Hreiðar Svavarsson, greiði stefnanda, Gunnari Theodórssyni, kr. 63.250.00 með 1% mánaðarvöxtum frá 22.

janúar 1969 til greiðsludags og kr. 12.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 5. október 1972.

Nr. 105/1971. **Benedikt Svavarsson**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

Lindu Arvids

(Örn Clausen hrl.)

og **Tryggingamiðstöðinni h/f**

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Magnús P. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Vátrygging. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 27. júlí 1971. Krefst hann þess, að stefndu verði óskipt dæmt að greiða honum kr. 176.530.00 með 8½ ársvöxtum frá 7. október 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, að því er varðar stefnda Lindu Arvids.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, hafði áfrýjandi keypt húftryggingu fyrir bifreiðina R 22404 hjá stefnda Tryggingamiðstöðinni h/f. Eftir málflutningi áfrýjanda